



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. apríl 2020.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025, þskj. 1094- 643. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) fagnar framangreindri þingsályktunartillögu og styður hana heilshugar. Telur MRSÍ áætlunina í heildina afar vel unna og er því einkum fagnað hversu víðtækt samstarf er fyrirhugað við aðila sem t.d. vinna að málefnum viðkvæmra hópa. Til dæmis má nefna að fötluð eru börn mun líklegri en önnur börn til að verða fyrir ofbeldi og ýmsar hindranir mæta þeim þegar að því kemur að greina frá ofbeldi og fá aðstoð sem hentar þeirra þörfum. Það er því vel að samtök eins og Öryrkjabandalag Íslands, Landsamtökin Þroskahjálp og TABÚ o.fl., skuli vera meðal samstarfsaðila og samræmist það jafnt ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna (Sp) um réttindi fatlaðs fólks og Barnasáttmála Sp.

Þá tekur skrifstofan undir meginmarkmið tillögunnar, m.a. það að með forvörnum skuli stuðlað að menningu virðingar og jafningjasamskipta þar sem ofbeldi og áreitni fái ekki þrífist.

MRSÍ bendi á að í 31. gr. samnings Sp um réttindi fatlaðs fólks segir ríki skuli safna áreiðanlegum tölfræðigögnum og rannsóknargögnum til að móta og framfylgja stefnu í málefnum fatlaðs fólks. Er ekki síst mikilvægt að safnað verði tölfræði og rannsóknargögnum um stöðu fatlaðra barna og ungmenna hvað varðar kynferðislegt og kynbundið ofbeldi.

MRSÍ fagnar áformum um fræðsluáttak um vernd kynferðislegrar friðhelgi sem tilgreind eru í kafla A.7 en telur hins vegar ónógum fjármunum veitt til verkefnisins, að mati skrifstofunnar dugar skammt að ætla eina milljón á ári í tvö ár til að ná merkjanlegum árangri í slíku fræðsluáttaki.

Það er vel að í aðgerðaáætluninni (kafla D.5) skuli gert ráð fyrir sérstöku kynningarátaki um gildi kynjafræðikennslu í framhaldsskólum og þar á meðal um gildi þess að gera kynjafræði að skyldufagi. Hins vegar hvetur MRSÍ til að kynjafræði verði gerð að skyldufagi í framhaldsskólum. Bent skal á að m.a. hafa MRSÍ, Kvenréttindafélag Íslands og Samband íslenskra framhaldsskólanema ítrekað lagt til að kynjafræði verði skyldufag í skólum.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Kafli A.3 mælir fyrir um ráðningu ritstjóra hjá Menntamálastofnun sem meðal annars skal standa fyrir samráði við fræðafólk og frjáls félagasamtök til að tryggja að nýtt námsefni taki mið af faglegri þekking og reynslu af umfjöllun um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni. Er það vel, en MRSÍ telur hins vegar afar mikilvægt að tryggja að það námsefni sem þegar er til staðar endurspegli einnig þessa faglegu þekkingu og reynslu og gæti jafnréttis. Því er hvatt til þess að gengið verði úr skugga um að svo sé.

MRSÍ fagnar mjög að í áætluninni skuli gert ráð fyrir fræðslu og endurmenntun starfsfólks leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, frístundarheimila og félagsmiðstöðva sem og starfsfólks og sjálfboðaliða í íþrótt- og æskulýðsstarfi og öðru tómstundastarfi. Hins vegar hvetur MRSÍ til þess að í ýmiss konar námi á háskólastigi, þar sem meginmarkmiðið er vinna með börnum eða líklegt er að í starfi að námi loknu komi upp tilvik eða verkefni sem tengjast kynferðislegu eða kynbundnu ofbeldi, verði innleiddir skylduáfangar um þessa tegund ofbeldis, eðli þess og afleiðingar.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri